

Reykjavík, 17. september
2017
R17050138
1252

Borgarráð

Stelpur Rokka - endurnýjun á þjónustusamningi

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samstarfssamningi Reykjavíkurborgar við félagasamtökin Stelpur rokka. Samningurinn er til þriggja ára, frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

Áætluð fjárveiting árlega er 4 m.kr. og verður kostnaður tekinn af lið 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og félagasamtakanna Stelpur Rokka.



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Stelpur rokka - tilv. R17050138

Á fundi íþróttar- og tómstundaráðs í dag var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra dags. 3. júlí sl. vegna samnings við Stelpur rokka.

Á fundi íþróttar- og tómstundaráðs var jafnframt lögð fram drög að nýjum samningi við Stelpur rokka sem borgarráði er hér með kynnt.


Ómar Einarsson.



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER HÖFÐATORGI	
- 4. JÚLÍ 2017	
Málsnr:	2014/10001
Bréfalykill:	0.0

Reykjavík, 3. júlí 2017

R17050138

1252

SDG/bp

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Stelpur rokka! - Endunýjun þjónustusamnings

Á fundi borgarráðs þann 29. júní 2017 var lagt fram bréf Stelpur rokka!, dags. 15. mars 2017, þar sem óskað er eftir endurnýjun þjónustusamnings við Reykjavíkurborg til þriggja ára, ásamt fylgiskjölum. Jafnframt er lögð fram umsögn íþróttá- og tómstundaráðs frá 9. júní 2017.

Borgarráð samþykkti erindið.

Sandra Dröfn Gylfadóttir

e.u.

Afrit:

Íþróttá- og tómstundasvið



Reykjavíkurborg
Íþrótt- og tómstundasvið

Reykjavík, 9. júní 2017

2014110001

00

Tilv. R17050138

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK


Á fundi íþrótt- og tómstundaráðs í dag var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 17. maí sl. með ósk um umsögn íþrótt- og tómstundaráðs vegna erindis Stelpur rokka frá 15. maí sl. með ósk um endurnýjun samstarfssamnings við Reykjavíkurborg.

Íþrótt- og tómstundaráð samþykkti eftirfarandi:

Íþrótt- og tómstundaráð mælir með því við borgarráð að gengið verði til samninga við Stelpur rokka um nýjan þjónustusamning, 2018-2020, en núverandi samningur rennur út 31. desember 2017.

Ákvörðun um fjárframlög verði tekin í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar 2018

Erindi vegna Stelpur filma var jafnframt lagt fram og var því frestað til næsta fundar íþrótt- og tómstundaráðs sem haldinn verður 22. júní n.k.


Ómar Einarsson



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og félagasamtökin Stelpur rokka, kt. 700112-0710, gera með sér eftirfarandi:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við félagasamtökin Stelpur rokka tímabilið 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

1. gr. Starfsemi og markmið Stelpur rokka

Markmið samtakanna Stelpur rokka er að leiðrétta kynjahalla í íslensku tónlistarlífi og verða leiðandi afl í jafnréttismíðuðu tómstundastarfi á Íslandi. Kjarni starfseminnar er rokksumarbúðir fyrir 12-16 ára stúlkur þar sem þær læra á hljóðfæri, spila í hljómsveit og semja. Verkefnið fellur vel að mannréttindastefnu borgarinnar sem m.a. kveður á um að börnum og unglingum sé veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjamynnda. Samtökin hafa starfað í þrjú ár og á þeim tíma hefur rekist að vekja athygli á miklum kynjahalla í íslensku rokklífi og auka vægi kvenna í rokki. Áhersla þeirra hefur verið á konur í minnihlutahópum hvers konar, s.s. vegna uppruna, kynhneigðar, kyngervis og annarra þátta. Leiðbeinendur á vegum Stelpur rokka skulu hafa farið á fræðslunámskeið á vegum samtakanna.

2. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni félagasamtakanna Stelpur rokka jafnt innanlands sem utan, komi fram að verkefnið sé styrt af Reykjavíkurborg og birta skal merki Reykjavíkurborgar í því skyni.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg félagsskapnum Stelpur rokka árlega til í beinum fjárframlögum kr. 4.000.000.- árin 2018, 2019 og 2020.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til verkefnisins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breytti fjárveitingu. Stelpur rokka er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa ÍTR er tengiliður samningsins við Stelpur rokka. Sérstakur samráðshópur á vegum ÍTR og frístundaskrifstofu SFS mun verða starfandi. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í nóvember 2018, nóvember 2019 og í september 2020, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu félagasamtakanna að verkefnaáætlun fyrir komandi starfsár. Stelpur rokka skila þá greinargerð og fjárhagsuppgjöri ár hvert og áætlun um rekstur og starfsemi næsta árs.

5. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji félagsskapurinn Stelpur rokka hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal ÍTR tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Stelpur rokka hafa sýnt fram á að samtökin muni standa við samningsbundnar skyldur samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

6. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt borgarráðs dags. 3. júlí 2017 með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2019 og 2020. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

7. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 2017

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Stelpur rokka

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift: